

Reykjavík, 11. nóvember 2020

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
101 Reykjavík
anr@anr.is

Efni: Umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Neytendastofu nr. 62/2005 og fleiri lögum (endurskoðun stjórnssýslu neytendamála)

Hinn 11. nóvember 2020 birti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Neytendastofu nr. 62/2005 og fleiri lögum á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Frumvarpsdrögin hafa verið tekin fyrir á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu.

Skilningur SVP er sá að markmið frumvarpsins sé endurskipulagning þeirrar verkefna sem Neytendastofa hefur farið með á grundvelli sjónarmiða um hagkvæmni og skilvirkni. Lýsa samtökin stuðningi við slík markmið.

Af umfjöllun í greinargerð frumvarpsins verður ráðið að áformað sé að leggja aukna áherslu á að gera faggiltum skoðunarstofum fært að taka að sér verkefni sem Neytendastofa hefur annast, t.d. á sviði markaðseftirlits og mælifræði. Undir núverandi efnahagsstæðum gefur það auga leið að á sama tíma og stjórnvöld örva einkaneyslu og auka samneyslu skapast þörf fyrir að verkefni og útgjöld hins opinbera verði tekin til skoðunar. Í því hlýtur annars vegar að felast greining á efnahags- og samfélagslegu gildi verkefna og hins vegar mat á því hvort þau séu þess eðlis að hið opinbera þurfi að annist þau. Í því samhengi er eðlilegt að horft sé til þess hvort atvinnurekendur geti tekið slík verkefni að sér. Áherslur frumvarpsins virðast í góðu samræmi við áherslur ráðuneytisins og ráðherra. Um leið og SVP fagna þessari áherslu vilja samtökin koma á framfæri hvatningu þess efnis að þess verði gætt sérstaklega að áherslan komist með skýrum hætti til skila við flutning verkefnanna til HMS. Fyrir tilstuðlan ráðherra hefur gagnsemi faggildingar fengið aukna athygli og er það vel.

Í mars síðastliðnum voru gerðar breytingar á lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, sem m.a. gera ráð fyrir því að Neytendastofa skuli leitast við að hafa áhrif á háttsemi fyrirtækja með útgáfu leiðbeinandi reglna um góða viðskiptahætti og stofnunin skuli ráðgast við hlutaðeigandi samtök neytenda og fyrirtækja áður en slíkar reglur eru settar. Þá var jafnframt lögfest heimild til sáttaumleitunar í því skyni að fá fyrirtæki til að haga starfsemi sinni í samræmi við lögin. SVP vænta þess að framangreindar breytingar muni bæði einfalda úrlausn mála og hafa jákvæð áhrif á bæði atvinnurekendur og neytendur.

Að lokum telja SVP tilefni til að vekja athygli á að samkvæmt frumvarpsdrögunum er lagt upp með að Neytendastofa standi eftir sem sérstök stofnun en með færri og hnitmiðaðri verkefni en áður. Í kafla 2.3 í greinargerð frumvarpsins er hins vegar gefið til kynna að með því sé tekið fyrsta skrefið í endurskoðun á fyrirkomulagi neytendamála. Þá kemur það sjónarmið fram að

Það sé heppilegt að „faglega skyld verkefni séu á sömu hendi, þ.e. að lögbundin verkefni sem hafa sömu markmið og sömu eða svipaða aðferðafræði séu hjá sama stjórnvaldinu“. Í þessum samhengi vilja SVP hvetja ráðuneytið til að taka til skoðunar hvort ekki sé tilefni til að færa þau verkefni sem eftir verða hjá Neytendastofu til stofnunar sem hefur svipuð verkefni á höndum eða fæst við verkefni sem hafa sambærilegt markmið.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur